

Fjórði fundur skólaráðs Myllubakkaskóla haldinn mánudaginn 22. febrúar 2010 kl.
16:00 á bókasafni skólans.

Mætt: Brynja Árnadóttir skólastjóri, Steinar Jóhannsson aðstoðarskólastjóri, Svandís Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna annarra en kennara, Ingólfur H. Matthíasson og Gísli B. Gunnarsson fulltrúar kennara, Hrafnhildur H. Ólafsdóttir, Hrefna Höskuldsdóttir og Linda Birgisdóttir fulltrúar foreldra (Linda mætir í forföllum Júlíusar Friðrikssonar). Fulltrúar nemenda mættu ekki.

Brynja stýrði fundi og Gísli ritar fundargerð.

1. Fyrirspurnir frá FFGÍR.

Borist hefur bréf frá FFGÍR (Foreldrafélög og Foreldraráð Grunnskólanna í Reykjanesbæ) þar sem spurt er um eyður vegna forfalla kennara og hvort börn á yngsta stigi og miðstigi væru send heim vegna forfalla kennara. Einnig í hve margar kennslustundir hafa verið eyður hjá 8. 9. og 10. bekk vegna forfalla kennara. Brynja og Steinar greindu frá því að nemendur á yngsta stigi væru ekki send heim vegna forfalla en örfá dæmi væru um að nemendur á miðstigi hafi fengið frí. Þau fengu þá að ráða hvort þau færu heim eða yrðu eftir í skólanum t.d. á bókasafninu að lesa eða spila. Kennarar í eyðum eru fengnir til að hlaupa í skarðið, einnig samningur við háskólanema um að koma og kenna í forföllum. Það sem af er skólaári hafa nemdur á unglunga stigi fengið frí eins og greinir hér að neðan:

september	10 kennslustundir
október	16 kennslustundir
nóvember	22 kennslustundir
desember	15 kennslustundir
janúar	11 kennslustundir.

Þótti fundarmönnum þetta vel sloppið.

Annað erindi frá FFGÍR varðaði umferðaröryggi nemenda við skólann. Skólaráð ályktaði um lýsingu við skólann á síðasta skólaári og sendi bréf til bæjaryfirvalda varðandi hana. Ekkert hefur verið aðhafst. Bílastæði fyrir fatlaða vantar við skólann. Hrafnhildur sem býr við Norðurtún sagði frá því að bílstjórar sem leggja við

Norðurtúnið legðu alveg upp á gangsett. Fundarmenn ræddu um hvort mála þyrfti gula línu á gangstéttarbrún eða einfaldlega tala við þá starfsmenn sem þetta gera. Ánægja er með viðveru lögreglu fyrir framan skólann þegar nemendur og starfsfólk mæta til starfa á morgnanna. Bæjaryfirvöld brugðust skjótt við þegar Legóhópurinn kom með ábendingar varðandi umferð við skólann s.l. haust.

Brynju var falið að svara erindum FFGÍR.

Steinar fór af fundi eftir þennan dagskrárlið.

2. Stefna Myllubakkaskóla og sérkenni.

Brynja fór yfir stefnu og markmið skólans og bað síðan fundarmenn að segja hver þeim þætti vera sérkenni skólans. Fundarmenn voru sammála því að öflugt listalíf væri eitt helsta einkenni hans svo og fjölmenningslegt samfélag. Hlýlegur skóli, stöðugur starfsmannahópur, margir karlkennarar og lítið um einelti voru meðal atriða sem einnig voru nefnd. Þá komu einnig fram þær skoðanir að skólinn mætti hampa fjölmenningu og auglýsa betur út á við þegar listviðburðir ættu sér stað. Öllum þótti listavikan vera frábært framtak.

3. Önnur mál.

Linda spurði um niðurskurð til sérkennslu. Brynja sagði að nú þegar hefði verið skorið niður í sérkennslu og ætti hann eftir að vera enn meiri.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 12. apríl kl. 16.00

Gísli B. Gunnarsson fundarritari.